

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Reykjavík, 6. ágúst 2021  
UST202107-003/A.P.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga – Deiliskipulag – Sviðugarðar – Flóahreppur**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs. er barst 1. júlí þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Sviðugarða í Flóahreppi.

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagið nær yfir jörðina Sviðugarða land (landnr. 210074) í Flóahreppi þar sem gert er ráð fyrir 100 m<sup>2</sup> sumarhúsi auk 40 m<sup>2</sup> gestahúss og 25 m<sup>2</sup> geymslu.

#### **Hverfisvernd**

Svæðið er mýrlendi með þurrum mólendum inn á milli. Á svæðinu eru auk þess tjarnir sem eru hverfisverndaðar skv. aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Um þær segir í aðalskipulaginu: „*HVI Tjarnir við Sviðugarða: Gróskumiklar tjarnir, nokkuð heilleg votlendi og dælir. Dæmi um mýrar með áveituminjum. Áhersla á verndun náttúrulegrar ásýndar svæðisins.*“

Ákvæði hverfisverndar vegna náttúruverndar í aðalskipulagi eru m.a. þau að framræsla votlendis er óheimil, byggingarframkvæmdum skal haldið í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins líttillar röskunar og kostur er og ræktun nytjaskóga og önnur ræktun sem getur haft áhrif á vistkerfi svæðanna er bönnuð.

Í greinargerð segir að gróðursetja megi tré umhverfis byggingarreitinn. Umhverfisstofnun telur að í deiliskipulagi eigi að koma fram að huga þurfi að því að gróðursetning trjáa hafi ekki áhrif innan hverfisverndaða svæðisins.

#### **Lýsing á svæðinu**

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að svæðinu sé lýst og fjallað sé um þær vistgerðir sem eru á svæðinu. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) er svæðið skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði, þar sem finna má vistgerðir með hátt og mjög hátt verndargildi. Samkvæmt kortinu (<http://serstokvernd.ni.is/>) er innan svæðisins hraun, Þjósárhraun, sem fellur undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að metið sé hver áhrif tillögunnar eru á vistkerfin skv. 5.4.1. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013.

Í greinargerð kemur fram að byggt verði á suðvesturhluta jarðarinnar og norðurhlutanum haldið óröskuðum. Við framkvæmdir skal sjá til þess að ekkert rask verði við tjarnir. Umhverfisstofnun tekur undir það og bendir á að mýrlendi eru mikilvæg varp- og búsvæði fugla og í verndun þess felst fyrst og fremst að takmarka truflun og umferð um svæðið.

### **Fráveita**

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Virðingarfyllst,

*Agnès Þorkelsd.*  
Agnès Þorkelsdóttir  
sérfræðingur

*Björn Stefánsson*  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur